

## Samanburður á vexti sitkagrenis og rauðgrenis, stutt yfirlit:

Valdimar Reynisson, Skógrækt Ríkisins, Vesturlandi

tölvupóstfang: skogaralfurinn@vesturland.is

Þetta erindi er unnið upp úr mastersritgerð minni sem unnin var við Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar. Við það verk naut ég leiðsagnar Eriks Agestam sem starfar við rannsóknarstöð skógræktar í Suður-Svíþjóð og kennir einnig á Euroforester mastersprógramminu sem kennt er við skólann í Alnarp. Þetta prógram sótti ég og skrifaði svo ritgerðina í kjölfarið.

Sitkagreni og rauðgreni eru áberandi í skógum landsins, sérstaklega þeim sem eru um 50 ára gamlir. Það er sjáanlegur munur á þessum tegundum, en hversu mikill er munurinn?

Tilgangur þessarar rannsóknar var að sjá með tölulegum hætti hversu mikill vaxtarmunur er á þessum tveimur tegundum. Niðurstöður úr rannsókninni geta hjálpað til við skipulagningu skógræktar til framtíðar þar sem að þær gefa vísbendingar um vaxtarhraða tegundanna og einnig hvernig þær henta Vesturlandi sérstaklega.

Rannsóknin var unnin þannig að valin voru mælipör þar sem að rauðgreni og sitkagreni hafði verið plantað hlið við hlið sama ár, alls voru 7 mælipör notuð við rannsóknina. Mælipörin eru á aldrinum 46-55 ára frá gróðursetningu. Í hverjum reit voru síðan lagðir út 3, 200 m<sup>2</sup> mælifletir => 6 mælifletir í hverju pari.

Öll tré á mæliflötunum voru þvermálmæld og 5. hvert tré í hverjum þvermálsflokki var síðan hæðarmælt auk yfirhæðartrés. Allir hefðbundir útreikningar voru framkvæmdir; rúmmál, grunnflötur, meðal árlegur viðarvöxtur (MAI) og ýmislegt annað eins og þéttleiki og ýmsir hæðar útreikningar auk þess sem „svæðisgæði“ (site index) var metið.

Helstu niðurstöður er þær að Sitkagrenið vex mun meira en rauðgrenið eða um 86,9% ef rauðgrenið er notað sem grunnur. Þetta er gegnum gangandi í öllum niðurstöðunum.

Ef við lítum á heildarrúmmál þar sem rúmmál felldra trjáa í reitum hefur verið metið með reikniaðferðum þá sjáum við að rauðgreni hefur að meðaltali 216,3 m<sup>3</sup>/ha og sitkagreni hefur að meðaltali 407,3 m<sup>3</sup>/ha. Þetta gefur mismun uppá 190,9 m<sup>3</sup>/ha eða 86,9%, eins og áður hefur komið fram.

Þegar heildar, meðal árlegur viðarvöxtur (MAI) er skoðaður þá lítur dæmið svona út: rauðgreni vex að meðaltali 4,3 m<sup>3</sup>/ha/ár og sitkagrenið vex að meðaltali 8,0 m<sup>3</sup>/ha/ár sem gefur mismun uppá 3,7 m<sup>3</sup>/ha/ári eða 86,9%.

Það er greinilegt á þessum niðurstöðum að sitkagrenið er að skila mun meiri viðarvexti en rauðgrenið á þessu ca. 50 ára tímabili, sem þessir reitir sem mældir voru hafa lifað. En það þarf að gera fleiri rannsóknir á þessu og ég held að sérstaklega þurfi að skoða kvæmi af báðum tegundum. Það getur vel verið möguleiki að auka enn á viðarvöxt þessara tegunda með öðrum kvæmum. Ég tel nauðsynlegt að kvæmaaval sé eitt af aðal málunum í gerð ræktunaráætlana fyrir skógrækt sértaklega ef verið er að stefna að timburframleiðslu.

Fagraðstefna skógræktar, Reykjanesi við Djúp mars. 2011